

Sp.

129. Tillaga til þingsályktunar

[80. mál]

um rekstur tunniverksmiðja ríkisins.

Flm.: Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við stjórn tunniverksmiðja ríkisins, að í vetur verði smíðað úr öllu því tunnuefni, sem unnt er að fá til landsins, miðað við tunnubörfina eins og hún er áætluð næsta sumar og haust.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að atvinnuleysi um vetrarmánuðina er eitt helzta vandamál flestra bæjarfélaga. Viða er svo háttáð, eins og t. d. á Norðurlandi, að um langan tíma er ógerlegt að stunda útivinnu vegna óhagstæðrar veðráttu. Forráðamenn bæjarfélaganna hafa því talið það hina mestu nauðsyn, að komið yrði upp atvinnufyrirtækjum, sem veittu sem flestum atvinnu og gætu starfað án tillits til veðurfarsins.

Á Akureyri og Siglufirði hafa í nokkur ár starfað tunniverksmiðjur. Hafa þær veitt mikla atvinnu og einmitt á þeim tíma ársins, er mest atvinnuleysi hefur verið meðal verkamanna. Fyrir skömmu voru gerðar miklar endurbætur á Siglufjarðarverksmiðjunni, m. a. komið þar upp rúmgóðri tunnugeymslu. Hafa þessar framkvæmdir að sjálfsgöðu kostað mikið fé. Á Akureyri hefur hins vegar lítið sem ekkert verið gert við tunniverksmiðjuna, og þar vantar tilfínanlega geymslu fyrir smíðaðar tunnur. Vonandi lætur stjórn tunniverksmiðjanna innan skamms endurbæta Akureyrarverksmiðjuna, þar sem aðstaða til tunnusmiði er þar engu síðri en á Siglufirði.

Tunnur, smíðaðar innan lands, hafa yfirleitt reynzt vel. Þær hafa verið nokkru dýrari en erlendar tunnur, en þó mun sá verðmunur hafa verið sáralítill síðastliðið sumar vegna hagstæðra innkaupa á tunnuefni.

Flutningsmaður þessarar tillögu er þeirrar skoðunar, að stefna beri að því að smíða innan lands sem mest af tunnnum, sem útgerðin þarf á að halda. Þegar báðar tunniverksmiðjurnar hafa verið endurbættar og vanir menn annast smíðarnar, hljóta innlendu tunnurnar að standast samanburð við þær erlendu, bæði um verð og gæði.

Akureyringar hafa verið óánægðir með verkaskiptinguna á milli verksmiðjanna, þar sem allt að þrefalt fleiri tunnur hafa verið smíðaðar á Siglufirði. Vonast flutningsmaður til, að samkomulag náist við stjórn verksmiðjanna um jafnari skipti, eftir að nauðsynlegar aðgerðir hafa farið fram á Akureyrarverksmiðjunni.

Að lokum skal þess getið, að á fundi bæjarstjórnanna, sem haldinn var í Reykjavík 10.—13. þ. m., var m. a. eftirfarandi tilmælum beint til ríkisstjórnarinnar:

„Ríkisstjórn og sildarútvegsnefnd hlutist til um, að innlendu tunniverksmiðjurnar verði reknar í svo stórum stíl, að þær smíði allar þær sildartunnur, sem landið þarfnast á hverjum tíma.“